

Áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað

Leiðbeiningar



Inngangur

Leiðbeiningum þessum er ætlað að styðja stjórnendur, öryggistrúnaðarmenn, öryggisverði og aðra á vinnustöðum til að koma á skipulegu vinnuverndarstarfi innan vinnustaða. Þær eru byggðar á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, (vinnuverndarlögunum) og reglugerð nr. 920/2006, um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.

Mikilvægt er að vinnuverndarstarfið verði hluti af daglegri starfsemi vinnustaða þannig að það verði sýnilegt öllum sem þar starfa en markmið þess er meðal annars að:

- ✓ Vernda starfsfólk gegn hvers konar heilsutjóni sem stafa kann af vinnu þess eða vinnuskilyrðum.
- ✓ Skipuleggja vinnu starfsfólks með það fyrir augum að verkefni séu við hæfi.
- ✓ Auka öryggi og draga þannig úr líkum á slysum og heilsutjóni.
- ✓ Stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan starfsfólks.

Áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað

Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað og hún innleidd í daglegri starfsemi. Áætlunin felur meðal annars í sér að greina og meta áhættuþætti í vinnuumhverfi vinnustaðarins og skilgreina tímasetta úrbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum áhættumatsins.

Tilgangur hennar er að gefa gott yfirlit yfir þær hættur og álagsþætti sem eru á vinnustaðnum og hvernig brugðist er við þeim með forvörnum. Hún inniheldur einnig áætlun um frekari ráðstafanir svo unnt sé að koma í veg fyrir hættur eða draga úr þeim eins og kostur er.

Markmiðið með gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði er fyrst og fremst að fyrirbyggja og draga úr slysum, óhöppum, álagi, vanlíðan og heilsutjóni sem starfsfólk getur orðið fyrir við störf sín og stuðla þannig að félagslegu og líkamlegu öryggi.

Skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað skal að lágmarki fela í sér:

- ✓ áhættumat fyrir vinnustaðinn í heild sinni og samantekt um helstu áhættuþætti.
- ✓ áætlun um heilsuvernd og forvarnir (forvarnaáætlun) þar sem fram kemur tímasett áætlun um aðgerðir og úrbætur, stefna og viðbragðsáætlun gegn einelti, áreitni og ofbeldi og skilgreind neyðaráætlun til skyndihjálpar og björgunar.
- ✓ eftirfylgni með úrbótum þar sem árangur aðgerða er metinn að ákveðnum tíma liðnum.

Allir vinnustaðir eiga að gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði og uppfæra hana eftir þörfum. Gerð áætlunarinnar er samvinnuverkefni stjórnenda og starfsfólks á vinnustaðnum. Kynna á áætlunina fyrir öllu starfsfólki og á hún að vera aðgengileg fyrir stjórnendur, starfsfólk og fulltrúa Vinnueftirlitsins.

Orðskýringar

Hætta: er eiginleiki sem getur valdið tjóni eða skaða.

Það getur verið auðvelt að sjá og greina sumar hættur t.d. þær sem tengjast vélbúnaði, en aðrar eru síður sýnilegar svo sem þær sem tengjast félagslega vinnuumhverfinu eða líkamlegu álagi. Það er mikilvægt að skoða allar hættur sem stafa af vinnu og vinnuaðstæðum bæði með tilliti til skammtímaáhrifa og lengri tíma áhrifa.

Áhætta: möguleg hætta og líkur á því að einhver verði fyrir hættunni.

Áhættumat: Kerfisbundin greining og flokkun áhættuþátta með tilliti til alvarleika á vinnustaðnum.

Samhliða þessu er lagt mat á núverandi aðgerðir til að stýra áhættunni og eftir atvikum ákvarða frekari aðgerðir til að hún verði innan ásættanlegra marka.

Áætlun um heilsuvernd og forvarnir (forvarnaáætlun): er tímasett áætlun yfir aðgerðir til að fjarlægja þær hættur sem eru í vinnuumhverfinu samkvæmt áhættumatinu eða halda þeim innan ásættanlegra marka sé ekki unnt að fjarlægja þær. Í áætluninni þarf einnig að vera skilgreind stefna og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum auk neyðaráætlun sem inniheldur m.a. ráðstafanir til að tryggja nauðsynlega skyndihjálpar og viðbrögð við neyðartilvikum.

Stefna og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum: er stefna vinnustaðar um samskipaviðmið þar sem m.a. kemur fram að einelti, áreitni og ofbeldi er ekki liðið ásamt viðbragðsáætlun ef slík mála koma upp. Hvoru tveggja eru liðir í forvarnaáætlun vinnustaða.

Neyðaráætlun: er liður í forvarnaáætlun vinnustaða og fjallar um nauðsynlegar aðgerðir vegna skyndihjálpar, slökkvistarfs og brottflutnings starfsmanna. Þar þarf m.a. að taka tillit til krafna um brunavarnir og eftirlit með þeim.

Eftirfylgni með úrbótum:

Meta skal árangur aðgerða að ákveðnum tíma liðnum og gera endurbætur ef þörf krefur. Tilgreina skal hvenær áætlað er að eftirfylgni með úrbótum fari fram.

Skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað

Undirbúningur að gerð áhættumats

Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gera áhættumat á vinnustað. Undirbúningurinn hefst á því að ákveða hvernig farið er að því að vinna áhættumatið og tilheyrandi forvarnaáætlun. Mismunandi aðferðir eru notaðar við gerð áhættumatsins en mikilvægt er að sú leið sem valin er henti starfseminni og nái að greina þau vandamál sem hugsanlega eru eða geta komið upp á vinnustaðnum.

Áhættumatið er samstarfsverkefni stjórnenda og starfsfólks á vinnustaðnum. Hópurinn sem valinn er til að vinna áhættumatið þarf að afla sér ýmissa upplýsinga áður en hafist er handa og meðan á verkinu stendur. Algengt er að öryggistrúnaðarmenn sem eru fulltrúar starfsfólks og öryggisverðir sem eru fulltrúar stjórnenda í vinnuverndarstarfi innan vinnustaða komi að gerð áhættumatsins.

Við undirbúninginn er hjálplegt að hafa eftirfarandi í huga

- Fela einhverjum einum aðila að skipuleggja, samstillja og stjórna hópnum sem vinnur verkið.
- Tryggja þarf aðgengi hópsins að nauðsynlegum upplýsingum, þjálfun, stuðningi, tíma og öllu öðru sem hugsanlega þarf til að verkið geti gengið vel.
- Að stjórnendur og starfsfólk taki þátt í að gera áhættumatið og komi með tillögur að úrbótum.
- Tryggja að annað starfsfólk vinnustaðarins hafi tíma til samvinnu við hópinn þegar á þarf að halda.
- Skilgreina hvernig tryggt er að upplýsingar berist til starfsfólks um niðurstöður áhættumatsins og aðgerðir sem fylgja í kjölfarið, ef einhverjar eru.
- Tímasetja aðgerðir og skilgreina leiðir til að meta árangur þeirra, gera endurbætur og uppfæra áætlunina ef þörf krefur.

Allt starfsfólk á að fá tækifæri til að koma með ábendingar um áhættuþætti og mögulegar forvarnaaðgerðir auk þess að greina frá reynslu sinni úr starfi sem nýtist við gerð góðs áhættumats.

Hópurinn sem vinnur áhættumatið þarf að afla sér ýmissa upplýsinga og verða sér úti um gögn áður en hafist er handa og meðan á verkinu stendur. Vinnuumhverfisvísar Vinnueftirlitsins geta komið að gagni, en þar eru m.a. upplýsingar um helstu áhættuþætti mismunandi starfsgreina og upplýsingar um þær reglugerðir sem eiga við. Hægt er nálgast frekari upplýsingar um viðmið og þær kröfur sem eiga við í vinnuumhverfisvísnum ásamt vinnuverndarlögum og reglugerðum á vefsíðu Vinnueftirlitsins.

Nokkrar leiðir sem hægt er að nota við undirbúninginn

- Skoða skrá yfir slys og óhöpp sem orðið hafa á vinnustaðnum.
- Skoða og ræða atvik þar sem legið hefur við óhappi til að fyrirbyggja að slíkt endurtaki sig.
- Samtöl við starfsfólk og stjórnendur.
- Lesa leiðbeiningar sem fylgja með verkfærum og tækjum. Þetta hentar vel til að meta hvort búnaður og tæki séu notuð í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda eða hvort starfsfólk hafi fengið nauðsynlega þjálfun í notkun hans.
- Afla upplýsinga um slys og frávik í sambærilegum rekstri.
- Skoða gögn sem til eru um eftirlit og viðhald á vélum, tækjum og húsnæði.
- Skoða niðurstöður kannana og mælinga sem gerðar hafa verið innan vinnustaðarinnar.
- Skoða niðurstöður, leiðbeiningar eða fyrirmæli Vinnueftirlitsins eða þjónustuaðila ef við á.
- Skoða annað hjálpar- og fagefni á netinu.

Áhættumat

Aðferð við gerð áhættumats er valfrjáls. Það þarf þó að vera tryggt að aðferðin nái að greina alla þá áhættuþætti sem hugsanlega eru á vinnustaðnum.

Atvinnurekandi velur í samráði við öryggistrúnaðarmann og öryggisvörð eða félagslegan trúnaðarmann á minni vinnustöðum þá aðferð sem henta þykir við gerð áhættumatsins. Það þarf að vera tryggt að aðferðin nái að greina þau vandamál sem hugsanlega eru á vinnustaðnum, bæði sýnilegar eða áþreifanlegar hættur og huglæga vinnuumhverfisþætti, sem fangast upp með spurningakönnun og samtölum.

Áhættumat er kerfisbundin greining og flokkun áhættuþátta, með tilliti til alvarleika, á vinnustaðnum. Með öðrum orðum er um að ræða kerfisbundna athugun á vinnuaðstæðum til þess að finna hvort eitthvað í vinnuumhverfinu, vinnuskipulaginu eða við framkvæmd vinnunnar geti hugsanlega valdið slysum, óhöppum, meiðslum, álagi, vanlíðan eða öðru sem leitt getur til andlegs eða líkamlegs heilsutjóns.

Gott er að byrja á góðri lýsingu á verkinu sem á að greina. Hér getur hjálpað að skrifa niður verkþætti í tímaröð áður en verkefnið er áhættumetið. Stundum hentar að gera flæðirit yfir verkið, sérstaklega ef það þarf að vinnast í ákveðinni tímaröð eða starfsfólk hefur ólíkan bakgrunn eða skilning á tungumálinu.

Þegar tiltekið verkefni eða vinnulag er skoðað er mikilvægt að fá sem besta mynd af því hvernig það er raunverulega unnið, ekki bara hvernig á að vinna verkið, heldur fylgjast með hvernig starfsfólk vinnur verkið og meta áhættuna út frá því. Þessi skoðun er ekki aðeins til að finna hættu, heldur ekki síður til að finna tækifæri til umbóta. Gagnlegt getur verið að byrja á því að fylgjast með verkinu, án inngrips, og skrifa niður athugasemdir. Þegar verkið hefur verið greint er ráðlagt að fara yfir matið með starfsmanninum og spyrja um tiltekin atriði eða jafnvel biðja starfsmanninn að prófa nýja aðferð sem gæti verið öruggari.

Þegar áhættumat er framkvæmt, þar sem notaðar eru persónuhlífar, er mikilvægt að meta hvort þær eru viðeigandi og notaðar á réttan hátt. Ef starfsfólk er ekki að nota þær persónuhlífar sem hafa verið í boði eða nota þær ekki á réttan hátt þarf að greina ástæðuna. Það gæti verið vegna þess að því finnst þær óþægilegar eða jafnvel óaðgengilegar. Persónuhlífar veita oft takmarkaða vörn eða jafnvel kalla fram nýja hættu ef þær eru ranglega notaðar. Það er því mjög mikilvægt að starfsfólk sé haft með í ráðum við val og notkun á persónuhlífum. Komi í ljós vandkvæði við notkun persónuhlífa við áhættumat er nauðsynlegt að fylgjast sérstaklega með notkun þeirra við almenna skoðun á vinnustaðnum sem og við eftirfylgni með sérstökum úrbótaáðgerðum.

Áhættumat þarf að gera fyrir alla atvinnustarfsemi

Vinnuvernd er margþætt. Þegar áhættumat er framkvæmt þarf að tryggja að það taki á öllum mikilvægum áhættuþáttum í tengslum við starfsemina. Suma hættuflokka er oft auðvelt að greina t.d. vöntun á öryggishlíf á vél, fallhætta eða alvarleg eituráhrif tiltekinna efna. Aðrir hættuflokkar eru síður greinilegir s.s. líkamlegir og félagslegir álagsþættir, eða aðrar áhættuþættir þar sem áhrifin eru lengi að koma í ljós.

Fimm meginstoðir vinnuverndar

Til að tryggja heildstætt áhættumat vinnustaða þarf að skoða áhættuþætti sem geta fallið undir eftirfarandi flokka sem teljast vera fimm meginstoðir vinnuverndar. Meta þarf bæði skammtímaáhrif hvers þáttar og langtímaáhrif, sem geta verið mjög alvarleg og jafnvel leitt til óafturkræfra vandamála á heilsu fólks.

- Efni og notkun hættulegra efna á vinnustað
- Hreyfi- og stoðkerfi, s.s. vinnustellningar, vinnuskipulag, meðhöndlun byrða, notkun léttitækja
- Félagslegt vinnuumhverfi, s.s. samskipti, upplýsingaflæði, vinnutími, tímaþröng, sálrænt öryggi, einelti, áreitni.
- Vélar og tæki, hönnun, uppsetning og öryggisþættir.
- Umhverfisþættir, s.s. lýsing og birtuskilyrði, hávaði, hiti, kuldi, titringur, dragsúgur og smitleiðir.



Áhættumat þarf að gera fyrir alla atvinnustarfsemi hvort sem um er að ræða staðbundna eða færanlega starfsemi, verktaka eða starfsfólk starfsmannaleigna og hvort sem starfsmannafjöldinn er einn eða fleiri.

Atvinnustarfsemi má flokka í þrjá megin flokka:

- Staðbundin atvinnustarfsemi s.s. skrifstofur, skólar, iðnfyrirtæki, geymsla og dreifing vöru, heilbrigðisstofnanir, verslanir o.s.frv.
- Óstaðbundin starfsemi, þar sem unnið er tímabundið á hverjum stað eða í tilfallandi verkefnum s.s. viðgerðarvinna, þjónusta af ýmsu tagi eða eftirlit þar sem farið er á milli staða eða starfsfólk er leigt inn eftir þörfum.
- Tímabundin mannvirkjagerð s.s. virkjunarframkvæmdir, hafnarframkvæmdir, vega- og brúargerð og aðrar byggingaframkvæmdir og mannvirkjagerð.

Á vinnustöðum sem eru í föstum skorðum s.s. skrifstofur, iðnfyrirtæki eða bankar, er hægt að gera áhættumat þannig að verkið nýtist fyrir margar verkstöðvar í senn ef þær eru með svipuðu sniði og aðstæður sambærilegar. Hægt að gera áhættumat á skrifstofum á störfum hópsins í einu lagi þ.e. allir sem vinna sambærileg störf við sambærilegar aðstæður. Þetta getur einfaldað áhættumatið til muna, en engu að síður þarf að meta hversu vel það á við um hverja starfsstöð.

Við breytilegar aðstæður, s.s. á byggingarvinnustöðum, þarf að hafa í huga að vinnuumhverfið er sífellt að taka breytingum. Þá er hægt að útbúa almenn viðmið t.d. vegna verkpalla og fylgja svo þeim viðmiðum þrátt fyrir að pallarnir séu settir upp á nýjum stað. Einnig þarf að hafa í huga að á sumum vinnustöðum eru störfin mjög mismunandi á milli árstíða t.d. á bændabýlum og í ferðaiðnaði. Við störf utanhúss getur verið töluverður munur á áhættunni í starfi eftir veðri og árstíðum.

Hjálpargögn við áhættumat

Töflur til að meta áhættu

Við mat á áhættu er gagnlegt að nota töflur með litamerkingum þar sem litirnir merkja forgangsröðun áhættunnar það er rauður, gulur og grænn.

Töflurnar eru til stuðnings við flokkun og mat á áhættu og forgangsröðun úrbóta. Með töflunum er verið að veita saman líkur á að eitthvað gerist og afleiðingar af hættunni. Þær geta verið misstórar og því þarf að ákveða í hversu marga flokka á að greina líkur á fráviki og mögulegar afleiðingar. Það er misjafnt hversu nákvæmt þarf að flokka líkur og afleiðingar. Almennt er ráðlagt að nota fáa flokka fyrir einfalda og hættulitla starfsemi og fleiri fyrir hættumeiri og flóknari starfsemi.

- Minnsta flokkun sem virkar er 2x2 þ.e. líkur og afleiðingar flokkaðar í mikið – lítið.
- Oft eru notaðir 3x3 flokkar við einfalt mat
- 5x5 flokkun á líkum og afleiðingum er einnig algeng

Ástæðan fyrir því að flóknari starfsemi þarf ítarlegri flokkun er sú að þar er oft fjöldi atriða sem þarfnast úrbóta. Þegar starfsemin er hins vegar einföld og hættulítill eru oft tiltölulega fá atriði á áhættumati, þar af mjög fá í forgangi og því minni þörf á forgangsröðun aðgerða en ella. Áhersla getur þá verið á að viðhalda fyrirbyggjandi aðstöðu eða vinnuskipulagi.

Mikilvægt er að skrifa niður í upphafi áhættumatsins hver skilningur hópsins er á léttvægum afleiðingum hættunnar og hvað þurfa afleiðingarnar að vera alvarlegar til að teljast „alvarlegar“. Þetta eru þá viðmið sem unnið er út frá og þarf að gera fyrir alla flokka áhættu (s.s. hættu á líkamstjóni og sálfélagslegri áhættu). Einnig þarf að ákveða hvað telst litlar líkur og hvað miklar. Mat á líkum getur vafist fyrir fólki þegar meta á langtímaáhrif. Þannig getur verið næstum öruggt að starfsfólk fái einkenni frá hreyfi og stoðkerfi innan tveggja ára, ef ákveðið verklag verður óbreytt, þó mönnum finnist líkurnar á því að einkennin komi fram núna séu ekki mjög miklar. Það getur því verið hentugt að skipta sömu áhættunni í tvennt, þar sem annar vegar er greint og brugðist við skammtímaáhrifum og langtímaáhrifum hins vegar.

Dæmi um litla töflu

Áhættuflokkun í lit

Líkur	Afleiðingar		
	1 minni- háttar	2 nokkuð alvarlegar	3 mjög alvarlegar
3 miklar	Meðal	Hátt	Hátt
2 meðal	Meðal	Meðal	Hátt
1 litlar	Lágt	Meðal	Meðal

Dæmi um það sem lagt er til grundvallar:

Afleiðingar:

- 1 minniháttar (smámeiðsl, minniháttar heilsutjón eða vanlíðan)
- 2 nokkuð alvarlegar (álagseinkenni, heilsutjón sem veldur veikindafjarvistum)
- 3 mjög alvarlegar (alvarleg slys, verulegt heilsutjón, dauði)

Líkur:

- 1 litlar (litlar líkur á heilsutjóni eða óhappi)
- 2 meðal (gæti orðið heilsutjón eða óhapp)
- 3 miklar (miklar líkur á heilsutjóni eða óhappi)

Við forgangsröðun verkefna eða viðbragða er svo útbúin önnur tafla sem er oft kölluð „matrixa“ eða „fylki“ þar er skilgreint hvað telst óásættanleg áhætta og hvað lítil áhætta. Þessi tafla er notuð til að forgangsráða viðbrögðum við greindri áhættu og er oft litamerkt til að leggja áherslu á áhættuflokkana. Þetta er eitt mikilvægasta skrefið í áhættumatinu því þarna er athyglinni fyrst beint að þeim áhættuþáttum sem mest er þörf á að hafa stjórn á.

		Afleiðingar				
		1 Léttvægt	2 Minniháttar	3 Milli-alvarlegar	4 Alvarlegar	5 Mjög alvarlegar
Líkur á atviki	5 Mjög algengt	1,5 Meðal	2,5 Há	3,5 Óásættanleg	4,5 Óásættanleg	5,5 Óásættanleg
	4 Algengt	1,4 Meðal	2,4 Há	3,4 Há	4,4 Óásættanleg	5,4 Óásættanleg
	3 Nokkuð algengt	1,3 Lítill	2,3 Meðal	3,3 Há	4,3 Há	5,3 Óásættanleg
	2 Sjaldgæft	1,2 Lítill	2,2 Meðal	3,2 Meðal	4,2 Há	5,2 Há
	1 Ólíklegt	1,1 Lítill	2,1 Lítill	3,1 Lítill	4,1 Meðal	5,1 Meðal

x,y er tilvísun á reit og litur merkir áhættuflokk

Gátlistar - Vinnuumhverfissvísar og OiRA

Það getur verið snúið að sjá fyrir hvar leynast hættur og stundum koma þær ekki í ljós fyrr en við vissar aðstæður. Stigi á milli hæða þarf til dæmis ekki að skapa alvarlega hættu nema verið sé að bera byrðar upp og niður, sem er kannski gert sjaldan.

Vinnueftirlitið hefur útbúið vinnuumhverfissvísa fyrir margvíslega starfsemi. Þetta eru ítarlegir tékklistar sem geta komið að góðum notum við áhættumatið. Þar eru taldir upp áhættuþættir sem búast má við í viðkomandi atvinnugrein og skoðað hvaða lög og reglur gætu átt við um viðkomandi atriði.

Vinnueftirlitið er í nánú samstarfi við Vinnuverndarstofnun ESB (EU OSHA) sem vistar OiRA (<https://oiraproject.eu/en>), sem er rafrænt áhættumat á netinu. OiRA verkfærin er á ensku og sérsníðin fyrir hverja atvinnugrein, en bjóða notandanum upp á að bæta við atriðum sem varða sérstaklega þeirra vinnustað. OiRA er þægilegt í notkun og heldur utan um öll gögn sem þarf til að standast kröfur um áhættumat. Gerð úrbótaáætlunar er einnig mjög einföld og því getur það sparað mikla vinnu að nota þessi verkfæri. Þegar hafa nokkur verkfæri verið gefin út á íslensku og má nálgast þau á [netsíðu Vinnueftirlitsins](#).

Áætlun um heilsuvernd og forvarnir

Áætlun um heilsuvernd og forvarnir (forvarnaáætlun vinnustaða) byggir að miklu leiti á áhættumati vinnustaða og niðurstöðum þess. Þegar áhættumatið liggur fyrir þarf að útbúa forvarnaáætlun, það er tímasett áætlun um aðgerðir sem leiða af áhættumatinu. Einnig þurfa aðrar forvarnaaðgerðir sem tilgreindar eru í reglugerðum að koma fram í áætluninni. Þar á meðal forvarnaaðgerðir sem fela í sér skilgreinda **stefnu og viðbragðsáætlun** gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum og **neyðaráætlun** sem lýsir ráðstöfunum til að tryggja nauðsynlega skyndihjálp og viðbrögð við neyðartilvikum.

Vinna við áhættumatið felur í sér að ákveða viðbrögð við greindri áhættu, þannig að hverjum áhættuþætti sé stýrt innan ásættanlegra marka. Almenn er forgangsröðun aðgerða í forvarnaáætlun þannig að fyrst þarf að leysa úr alvarlegustu áhættuþáttunum. Aðrir áhættuþættir fá forgang í samræmi við mat á líkum og afleiðingum (áhættuflokka).

Forvarnaáætlunin er „lifandi skjal“ sem þarf að endurskoða oft og reglulega til dæmis vegna slysa eða óhappa, breytinga í vinnuumhverfi eða þegar forvarnaaðgerðir virðast ekki skila tilætluðum árangri.

Þegar forvarnaáætlun er gerð er nauðsynlegt að setja hverjum lið tímamörk og fara reglulega yfir stöðu úrbóta. Mikilvægt er að hafa áætlunina skriflega og gera einhvern einstakling ábyrgan fyrir hverjum lið fyrir sig til að auka líkur á góðri framkvæmd forvarna á vinnustaðnum. Þó tiltekinn starfsmaður sé gerður ábyrgur fyrir ákveðinni aðgerð breytir það engu um ábyrgð yfirstjórnenda á framkvæmd áhættumatsins og forvarnaáætlun vinnustaðarins í heild sinni.

Almenn viðmið um forvarnir

Forvarnir skulu tryggja að gripið sé til raunhæfra aðgerða til að áhætta við störf verði eins lítil og mögulegt er.

Almenn forgangsröð forvarna skal vera:

- Að koma í veg fyrir hættu t.d. með því að endurskipuleggja verkið þannig að hættulegur hluti þess er ekki lengur til staðar eða nauðsynlegur.
- Skipta út hættulegum efnum eða hættulegum tækjum fyrir hættuminni t.d. með því að nota lítinn verkfall fyrir vinnu í hæð í stað tröppu.
- Tæknilegar lausnir eru mikið notaðar. Hlífar á vélum, girðingar um hættusvæði og afsog hættulegra lofttegunda eru dæmi um tæknilegar lausnir.
- Stjórnunarlausnir t.d. reglur um öruggt verklag og aðrar öryggisreglur. Undir þennan flokk falla m.a. aðgerðir að færa fólk á milli starfa reglulega til að minnka álagið.
- Persónuhlífar geta verið mjög mikilvægar, en eru engu að síður neðst á þessum lista. Oft er ákveðið að nota persónuhlífar með öðrum áhrifaríkari aðgerðum til að draga úr áhættu, t.d. á byggingarvinnustöðum.

Hér að ofan er athyglinni beint að áhættunni. Best er að forðast hættuna, en einnig má finna nýjar hættuminni lausnir. Tæknilausnir byggja almennt á því að verja notandann fyrir hættunni. Góð fræðsla og þjálfun getur stutt við allar ofantaldar nálganir við forvarnir. Sjá einnig viðauka 1 með reglugerð 920/2006 um Almenn viðmið um forvarnir. Þar er athyglinni frekar beint að aðgerðum til að stýra greindri áhættu innan ásættanlegra marka.

Skrifleg samantekt

Þegar áhættumat er umfangsmikið er nauðsynlegt að taka saman helstu niðurstöður með stuttri samantekt. Þegar áhættumatið er stutt og einfalt sem og tilheyrandi forvarnaáætlun er alla jafnan ekki þörf á sérstakri samantekt.

Atvinnurekandi þarf að meta þörf á skriflegri samantekt, en hlutverk hennar er að tryggja skilvirka samskipti innan fyrirtækisins um áhættumatið, helstu niðurstöður matsins og mikilvægustu atriði forvarnaáætlunarinnar.

Ráðlagt er að halda til haga gögnum sem notuð eru við matið. Gott aðgengi að þessum gögnum getur einfaldað mjög endurskoðun á áhættumatinu, auk þess sem þau geta nýst við eftirfylgni með úrbótaáðgerðum.

Utanaðkomandi ráðgjöf

Niðurstöður áhættumatsins geta leitt í ljós vandamál þar sem ekki er nauðsynleg sérþekking innan vinnustaðarins til að leysa úr þeim. Einnig getur Vinnueftirlitið gert kröfu um að leita þurfi til viðurkenndra þjónustuaðila um aðstoð. Fyrir þessu geta verið ýmsar ástæður svo sem að sérhæfður mælibúnaður eða sérhæfð þekking er nauðsynleg til að greina áhættuna og leysa úr mögulegum vandamálum. Stundum er fyrirtækjum ráðlagt að leita til utanaðkomandi sérfræðinga þegar vandamál tengjast líkamlegum álgaspáttum eða skipulagi og samskiptum sem falla undir félagslega vinnuumhverfið. Slík vandamál geta verið flókin og erfitt að finna óháða aðila innanhúss sem geta greint þau og lagt til lausnir og forvarnaáætlun á vinnustaðnum.

Það er mikilvægt að hafa í huga að óháð því hver framkvæmir áhættumatið er það alltaf á ábyrgð atvinnurekandans. Það er því mikilvægt að velja viðurkennda þjónustuaðila sem hafa þekkingu og reynslu til að leysa viðfangsefnið vel af hendi og vera í samstarfi við öryggisverði og öryggistrúnaðarmenn og annað starfsfólk á vinnustaðnum.

Endurskoðun áætlunar um öryggi og heilbrigði

Þegar úrbætur hafa verið gerðar þarf atvinnurekandi að sjá til þess að úrbótunum sé fylgt eftir með því að meta þær að ákveðnum tíma liðnum og gera endurbætur ef þörf krefur.

Áætlun um öryggi og heilbrigði skal fela í sér ferli stöðugra umbóta. Áhættumatið sjálft þarf að yfirfara í hvert sinn sem breytingar verða á vinnuumhverfinu eins og til dæmis breytt verklag eða skipulag, sameining deilda, fjölgun deilda, tæknibreytingar, nýjar vélar eða verkfæri eru tekin í notkun. Ný þekking um hættuleg efni og fleira. Ef virkja þarf viðbragðsáætlun við einelti áreitni og ofbeldi vinnustaða eða vinnuslys verður skal alltaf endurskoða áhættumatið.

Vandað áhættumat og forvarnaáætlun sem er uppfærð reglulega er eitt af lykilverkefnum í rekstri hvers fyrirtækis. Vinnuverndarstarfið þarf að vera liður í daglegri stjórnun og rekstri vinnustaða þannig eru auknar líkur á að vinnustaðir geti boðið öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi með áherslu á góða vinnustaðamenningu.